**Sþ. 883. Þingsályktun [57. mál]**

um að kanna stöðu og rekstrargrundvöll félagsheimila.

(Afgreidd frá Sþ. 3. maí.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar kanna stöðu og rekstrargrundvöll félagsheimila. Í því sambandi ber sérstaklega að hafa í huga:

a) hvernig efla megi Félagsheimilasjóð þannig að hann geti staðið að greiðslum til félagsheimilanna svo sem honum er ætlað að gera samkvæmt lögum.
b) með hvaða hætti styrkja megi rekstrargrundvöll félagsheimilanna, m. a. með tilliti til skattlagningar hins opinbera, hitunarkostnaðar og fleiri atriða, sem rekstur félagsheimilanna varðar.